# Stjórnarfundur Klifursambands Íslands

| | |
|---|---|
| **Nr. fundar:** 41 | **Dagsetning:** 3.12.2025 |
| **Tími:** 18:00 | **Staður:** Ármúli 21 |
| **Fundarstjóri:** Laufey | **Fundarritari:** Guðmundur |
| **Viðstödd:** Laufey Rún (framkvæmdastjóri), Benedikt (formaður stjórnar), Harpa (stjórn) og Guðmundur (stjórn).<br>Friðrik (stjórn) og Birkir Fannar (stjórn) voru viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað. | |

## Efni fundar

1. Fundargerðar síðasta fundar, fundur nr. 40, lögð fram til samþykktar.
    a. Fundargerð samþykkt. Engar athugasemdir frá stjórn.
2. Prófdómarar frá KFR - Laufey Rún og Birkir Fannar óska eftir réttindum
    a. Birkir og Laufey víkja af fundi, stjórn samþykkir að veita báðum aðilum réttindi.
3. Breytingar á Afrekssjóði KÍ
    a. Nú verður greitt út einu sinni á ári, fyrirkomulagið hefur hentað betur keppendum sem sérhæfa sig í grjótglímu en nú gætir meira jafnræðis á milli grjótglímu og línuklifurs.
    b. Einnig bætast við skilmálar um að hægt sé að hafna greiðslu á styrk ef umsækjandi á útistandandi ógreidda reikninga hjá félaginu.
4. Afreksstefna KÍ uppfærð
    a. Afreksnefnd hefur unnið að uppfærslu og tók fyrir stefnuna 27. nóvember á sínum fundi.
        i. Breytingar og uppfærslur á ártölum.
        ii. Bætum við kafla um markmið um keppnisaðstöðu.
        iii. Smávægileg breyting á markmiðum varðandi greiðsluþáttöku ungmenna í ljósi breytinga hjá ÍSÍ í þessum málum.
        iv. Afreksstefnan fór til samþykktar á formannafund KÍ miðvikudaginn 1. desember.
5. Staðan á úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ
    a. Umræða um úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ.
6. Drög að siðareglum
    a. Birkir kynnir drög að siðareglum.
    b. Eftir næsta fund viljum við vera komin með skjal til að geta sent á ÍSÍ til yfirferðar.
7. Drög að lagabreytingum
    a. Mundi kynnir drög að endurskoðun laga.

    b. Það þarf að taka afstöðu til margra mála og Mundi og Laufey ætla að mæla sér mót og fara betur yfir málin.
8. Aukafundur fyrir Klifurþing
    a. Þurfum líklega að boða aukalega stjórnarfund fyrir næsta Klifurþing til að klára ákveðin mál á réttum tíma.
9. Formannafundur er boðaður í næstu viku
    a. Búumst við góðri mætingu og fulltrúar frá stjórn verða á staðnum.
10. Klifurkarl og klifurkona ársins
    a. Mundi og Harpa víkja af fundi og Friðrik, Benni og Birkir sitja eftir Laufey stýrir fundi.
    b. Umræður um klifurkarl og klifurkona ársins, mjög litill munur á keppendum en Guðmundur og Svana hafa náð betri árangri á heims- og evrópustigi í fullorðins Flokki, stjórnin var því samhljóða að velja Guðmund og Svönu.

**Önnur mál**
Engin önnur mál

**Næsti fundur**
Ekki ákveðið

**Dreifing fundargerðar**
Fundargerð verður birt á vefsvæði KÍ

**Fundi slitið kl 19:31**